

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/125****2023/EES/30/08**

frá 29. janúar 2020

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla
að því er varðar viðeigandi nægilega fjölþættar vísitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins
og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 344. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja að hlutabréfavísitölurnar sem skráðar eru í viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 ⁽²⁾ uppfylli áfram skilyrðin fyrir að hægt sé að líta framhjá sértækri áhættu þeirra, verður að endurmeta viðkomandi vísitölur í ljósi síðustu tiltæku gagna, sem varða árið 2018. Í ljósi þess endurmats er nauðsynlegt að uppfæra skrána um viðeigandi nægilega fjölþættar vísitölur [áður þýtt fjölbreyttar vísitölur].
- 2) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 3) Nauðsynlegar breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 eru ekki afleiðing verulegra breytinga á aðferðafræðinni sem beitt er við matið. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ekki efnt til opins samráðs við almenning eða gert kostnaðar- og ábatagreiningu, þar sem slíkt samráð eða greining myndi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif viðkomandi draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum.
- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 24, 30.1.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 frá 4. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi nægilega fjölbreyttar vísitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjútíð. L 265, 5.9.2014, bls. 3).

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Hlutabréfavísitölur sem uppfylla kröfurnar í 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Vísitala	Land/Svæði
1. STOXX Asia/Pacific 600	Asía/Eyjaálfa
2. ASX100	Ástralía
3. ASX200	Ástralía
4. S&P All Ords	Ástralía
5. ATX	Austurríki
6. ATX Prime	Austurríki
7. BEL20	Belgía
8. SaoPaulo – Bovespa	Brasilía
9. TSX60	Kanada
10. CETOP20 Index	Mið-Evrópa
11. CSI 100 Index	Kína
12. CSI 300 Index	Kína
13. FTSE China A50 Index	Kína
14. Hang Seng Mainland 100 Index China	Kína
15. PX Global Prague	Tékkland
16. OMX Copenhagen 20 CAP	Danmörk
17. OMX Copenhagen 25	Danmörk
18. OMX Copenhagen Benchmark	Danmörk
19. FTSE RAFI Developed 1000	Þróaðir markaðir
20. CECE Composite Index EUR	Austur-Evrópa
21. FTSE RAFI Emerging Markets	Nýir markaðir
22. MSCI Emerging Markets 50	Nýir markaðir
23. Bloomberg European 500	Evrópa
24. DJ Euro STOXX 50	Evrópa
25. FTSE Euro 100	Evrópa
26. FTSE Eurofirst 100	Evrópa
27. FTSE Eurofirst 300	Evrópa
28. FTSE Eurofirst 80	Evrópa
29. FTSE EuroMid	Evrópa
30. FTSE Eurotop 100	Evrópa
31. MSCI Euro	Evrópa
32. MSCI Europe	Evrópa
33. MSCI Pan-Euro	Evrópa
34. NTX New Europe Blue Chip	Evrópa
35. S&P Euro	Evrópa

Vísitala	Land/Svæði
36. S&P Europe 350	Evrópa
37. STOXX All Europe 100	Evrópa
38. STOXX All Europe 800	Evrópa
39. STOXX Europe 50	Evrópa
40. STOXX Europe 600	Evrópa
41. STOXX Europe 600 Equal Weight	Evrópa
42. STOXX Europe Enlarged TMI	Evrópa
43. STOXX Europe Lrg 200	Evrópa
44. STOXX Europe Mid 200	Evrópa
45. STOXX Europe Small 200	Evrópa
46. STOXX Select Dividend 30	Evrópa
47. OMXH25	Finnland
48. CAC40	Frakkland
49. SBF 120	Frakkland
50. DAX	Þýskaland
51. HDAX	Þýskaland
52. MDAX	Þýskaland
53. SDAX	Þýskaland
54. FTSE RAFI All World	Hnattrænt
55. MSCI World Index	Hnattrænt
56. Athens General	Grikkland
57. FT ASE Large Cap	Grikkland
58. Hang Seng	Hong Kong
59. Hang Seng China Enterprises	Hong Kong
60. NIFTY 50	Indland
61. ISEQ 20	Írland
62. FTSE MIB	Ítalía
63. Nikkei225	Japan
64. Nikkei300	Japan
65. TOPIX 400	Japan
66. TOPIX Core 30	Japan
67. S&P Latin America 40	Rómanska Ameríka
68. FTSE Bursa Malaysia KLCI	Malasía
69. FTSE Bursa Malaysia Top100	Malasía
70. MSE Share Index	Malta
71. INMEX Index	Mexíkó
72. IPC Index	Mexíkó
73. AMX	Holland (Niðurland)

Vísitala	Land/Svæði
74. AEX	Holland (Niðurland)
75. NZSE50	Nýja-Sjáland
76. OBX	Noregur
77. OBXP	Noregur
78. mWIG40	Pólland
79. WIG20	Pólland
80. MOEX	Rússland
81. MSCI Russia Index	Rússland
82. MSCI Singapore Free Index	Singapúr
83. Straits Times Index	Singapúr
84. FTSE JSE Top 40	Suður-Afríka
85. IBEX35	Spánn
86. OMX Stockholm 30	Svíþjóð
87. SMI	Sviss
88. SMI MID	Sviss
89. FTSE NASDAQ Dubai 20	Sameinuðu arabísku furstadæmin
90. FTSE 100	Bretland
91. FTSE AIM 100	Bretland
92. FTSE AIM UK 50	Bretland
93. FTSE Fledgling	Bretland
94. FTSE mid-250	Bretland
95. FTSE Small Cap	Bretland
96. Dow Jones Ind. Av.	Bandaríkin
97. NASDAQ 100	Bandaríkin
98. S&P 500	Bandaríkin“